



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**Fundargerð.**

325. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 22. maí 2013 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Björn Kristinn Pálmarrsson

Hörður Óli Guðmundsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Ingvar Grétar Ingvarsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Gunnar Þorgeirsson.

**1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. maí 2013.**

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. maí 2013 liggur frammi á fundinum.*

**2. Fundargerðir.**

**a) Fundargerð 3. fundar stjórnar sameiginlegs þjónustusvæðis Suðurlands um þjónustu við fatlaða, 24. apríl 2013.**

*Fundargerðin lögð fram.*

**b) Fundargerð 4. fundar stjórnar sameiginlegs þjónustusvæðis Suðurlands um þjónustu við fatlaða, 10. maí 2013.**

*Fundargerðin lögð fram.*

**3. Aðalfundur Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf.**

*Fyrir liggur fundarboð aðalfundar Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf. sem haldinn verður 28. maí n.k. í Reykjavík. Samþykkt er að Gunnar Þorgeirsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum og Hörður Óli Guðmundsson til vara.*

**4. Bréf frá orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu ásamt skýrslu um starfsemi þess og ársreikningi fyrir árið 2012.**

*Fyrir liggur bréf frá orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, dagsett 21. apríl 2013 ásamt skýrslu um starfsemi þess og reikningi fyrir árið 2012. Lagt fram til kynningar.*

**5. Bréf frá Skipulagsstofnun þar sem tilkynnt er breytt verklag stofnunarinnar við skráningu skipulagsfulltrúa og þeirra sem sinna skipulagsgerð.**

*Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 8. maí 2013 þar sem tilkynnt er breytt verklag stofnunarinnar við skráningu skipulagsfulltrúa og þeirra sem sinna skipulagsgerð. Bréfið lagt fram.*



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**6. Afrit af bréfi til byggingarfulltrúa frá Bergi Þorra Benjamínssyni vegna athugasemda með aðgengi fyrir fatlaða í Hótel ION við Nesjavelli.**

*Fyrir liggur afrit af bréfi frá Bergi Þorra Benjamínssyni., dagsett 13. maí 2013 vegna athugasemda með aðgengi fyrir fatlaða í Hótel ION við Nesjavelli. Bréfið lagt fram.*

**7. Bréf frá Söngkór Miðdalskirkju þar sem þakkað er fyrir fjárstyrk vegna 60 ára afmælis kórsins.**

*Fyrir liggur bréf frá Söngkór Miðdalskirkju þar sem þakkað er fyrir fjárstyrk vegna 60 ára afmælis kórsins. Bréfið lagt fram.*

**8. Bréf frá Innanríkisráðuneyti þar sem áréttað er með skil sveitarfélaga á ársreikningi til Hagstofu Íslands.**

*Fyrir liggur bréf frá Innanríkisráðuneyti, dagsett 7. maí 2013 þar sem áréttað er með skil sveitarfélaga á ársreikningi til Hagstofu Íslands. Bréfið lagt fram til kynningar.*

**9. Tölvupóstur frá Umboðsmanni barna þar sem óskað er eftir upplýsingum um ungmennaráð í sveitarfélaginu.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Umboðsmanni barna þar sem óskað er eftir upplýsingum um ungmennaráð í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að veita umbeðnar upplýsingar.*

**10. Nafnasamkeppni um hringtorgið á Biskupstungnabraut við Borg. Samþykkt að efna til nafnasamkeppni meðal íbúa um nafn á hringtorgið á Biskupstungnabraut. Oddvita falið að fylgja málinu eftir.**

**11. Skipulags- og byggingafulltrúaembætti uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs., ársreikningur og ársskýrsla 2012.**

*Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 6. maí s.l. var afgreiðsla á ársreikningi Skipulags- og byggingafulltrúaembætti uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs. frestað vegna misritunar í ársreikningi. Fyrir liggur leiðréttur ársreikningur. Sveitarstjórn staðfestir fyrirliggjandi ársreikning.*

**Til kynningar**

- ✓ Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 15. maí 2013 þar sem kynnt er nám á meistarástigi um stjórnun í opinberum rekstri ásamt bæklingi sem liggur frammi á fundinum.
- ✓ Bréf frá ÍSÍ, dagsett 3. maí 2013 vegna 71. Íþróttapings ÍSÍ.
- ✓ Íþrótt- og ólympíusamband Íslands, ársskýrsla 2013.  
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Íþrótt- og ólympíusamband Íslands, tölfræði 2011.  
-liggur frammi á fundinum-



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

- ✓ Íþróttá- og ólympíusamband Íslands, fréttablað 1. tbl. 2013.  
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Orkuveita Reykjavíkur, ársskýrsla 2012.  
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Orkuveita Reykjavíkur, umhverfisskýrsla 2012.  
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Fræðslunet Suðurlands, ársskýrsla 2012.  
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Fræðslunet Suðurlands, ársreikningur 2012.  
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 9.50.